

# **300. fundur Skólanefndar FS**

## **16. febrúar 2010**



**Mættir:** Fanney D. Halldórsdóttir, Hjálmar Árnason, Oddný Harðardóttir, áheyrnarfulltrúarnir Ægir Karl Ægisson, Hildur Björk Pálsdóttir og María Magnúsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund í fjarveru formanns og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Vorönn 2010 - staðan.
  2. Námsúrræði fyrir atvinnulausa.
  3. Uppgjör síðasta árs.
  4. Önnur mál.

### **1. Vorönn 2010 - staðan.**

Skólameistari sagði frá stöðu mála á vorönn. Nemendur í dagskóla eru um 970 en í Kvöldskóla eru rúmlega 60. Baldur Garðarsson og Marta Goðadóttir létu af störfum um áramót. Helga Valey Erlendsdóttir hefur verið ráðin í hálft starf ráðgjafa. Fjöldi nemenda á vorönn er svipaður og á vorönn 2009 en vísa þurfti nokkrum fjölda umsækjenda frá. Yngstu umsækjendurnir voru teknir inn en þeir eldri þurftu frá að hverfa.

### **2. Námsúrræði fyrir atvinnulausa.**

Skólameistari kynnti tilboð sem skólinn gerði Vinnumálastofnun varðandi námsúrræði fyrir atvinnulaus ungmenni. Verið er að skrá fólk og enn er ekki ljóst hve margir velja þau úrræði sem skólinn býður.


### **3. Uppgjör síðasta árs.**

Skólameistari sagði frá uppgjöri fyrir árið 2009. Nemendaígildi voru 45 umfram heimildir en hluti þeirra fékkst greiddur eftir á. Allur kostnaður var skorinn niður eins og hægt var og reksturinn var því í jafnvægi. Útlit er fyrir að halli ársins 2010 verði um 30 milljónir miðað við óbreyttan rekstur.

### **4. Önnur mál.**

- a) Þemadagar verða 24.-26. febrúar en þemað í ár er áhugamál.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

  
Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari